

Föstudaginn 13. febrúar 1942.

Nr. 96/1941. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Eypóri Hallssyni (Kristján Guðlaugsson).

Skipstjóra dæmd refsing fyrir brot á reglum um talstöðvar í skipum.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði.

Kærða var vítalaut, eins og á stóð, að rjúfa innsigli talstöðvar sinnar þann 7. júní s. l., en honum bar að geta í dagbók skipsins um rof innsiglisins og ástæðunnar til þess. Ennfremur átti kærði að snúa sér til viðkomandi opinbers starfsmanns í Vestnannaeyjum og veita honum kost á að innsigla aftur talstöðina, ef þurfa þætti. Brot kærða varða við 1. gr. reglugerðar nr. 36/1941 sérreglur nr 37/1941 og 1. gr. 2. mgr. reglugerðar nr. 200/1940, en refsingu ber að ákveða samkvæmt 4. gr. síðast nefndrar reglugerðar, sbr. 7. gr. bráðabirgðalaga nr. 119/1940. Brot þau, er kærði er nú sóttur til sakar fyrir, voru drýgð áður en hann játaðist undir 200 króna sekt þá, er í héraðsdómi greinir, og ber því samkvæmt 78. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma kærða í hegningarauka, er þykir hæfilega ákveðinn 200 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 8 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Eypór Hallsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og afplánist sektin með 8 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsteds og Kristjáns Guðlaugssonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 8. október 1941.

Kærður, Eyþór Hallsson, er skipstjóri á v/s Richard ÍS 549. Hann er kominn á lögdalur sakamanna og hefur engri ákæru né refsingu sætt nema 200 kr. sekt fyrir að hafa siðastliðið sumar brotið reglur 199/1940 með því að minnast á veður í samtölum frá talstöð skipsins við önnur skip.

Mál þetta er höfðað gegn kærðum fyrir að hafa brotið reglur 199/1940, reglugerð 200/1940 og sérreglur 37/1941. Með því að hafa brotið innsigli talstöðvar skips síns án þess að bóka um það í dagbók skipsins og með því að senda gegnum talstöðina heilla-skeyti til fulltrúaráðs sjómannadagsins.

Kærður hefur verið í Englandssiglingum á skipi sínu og við strendur Íslands. 7. júní s. l. brotnaði „kúlulega“ í stýrisvél skipsins. En um kvöldið þenna dag, 10 mínútum áður en Vestmannaeyjastöðin fór út, rauf kærður innsigli talstöðvar sinnar til þess að reyna að ná sambandi við Vestmannaeyjar og láta vita af sér, en sambandið náðist ekki, en ekkert bókaði kærður um þetta í dagbók skipsins svo sem eðlilegt hefði verið. Kærður telur sig hafa verið staddan í neyð, er kúlulega brotnaði í stýrisvélinni, því að þótt hann reyndi og honum tækist að nokkru að nota stýrisvélinna áfram til þess að stýra skipinu til lands, hafi þó verið hætt á, að stýrisvélin með þessu gæti mölbrotnað á hverri stundu, jafnvel í hinu góða veðri, fyrir að reyna svona á vélina, hálf-bilaða, auk þess sem veður hefði getað versnað, og hann teldi þá mikla hættu á, að hann hefði ekki getað komizt að landi hjálparlaust. Hann hafi ekki heldur rofið innsiglu talstöðvar fyrr en rétt áður en Vestmannaeyjar áttu að fara út, en þær komu ekki aftur inn fyrr en eftir hádegi næsta dag. Hann hafi þá verið um 100 sjómilur frá Vestmannaeyjum, og þar sem talstöð hans var léleg, dró hann ekki til annarra fjarlæggra stöðva í landi. Taldi hann það óforsvaranlegt af sér gagnvart skipshöfn og skipi að reyna ekki að nota tækifærið og láta vita af sér, þar sem nóttin fór í hönd, en ekkert nýtt samband var hægt að fá við land, og veður gat versnað, þótt svo færi, að veðrið héldist ágætt allan

tímann, og skipið náði heilu og höldnu í Vestmannaeyjar næsta morgun.

Þar kveðst kærður hafa sagt brezkum eftirlitsmanni, er kom um borð, er skipið fékk afgreiðslu þar, frá því, að hann hefði brotið innsigli talstöðvar sinnar af framangreindum ástæðum og hann ekkert við þetta haft að athuga og Bretinn líka talið, að nú mætti kærður nota talstöðina innan lands og kærður tekið það eins og hún væri löglega leyst úr innsiglian af hlutaðeigandi eftirlitsmanni til innanlands notkunar.

Um afskipti kærðs og Englendingins hafa engar frekari upplýsingar fengizt, en í augum uppi er, að eitthvað slíkt eftirlit hefur þó hlotið að vera í Vestmannaeyjum, sem gerir það sennilegt, að eftirlitsmaðurinn hafi komið um borð og ekki fundið það athugavert eins og á stóð, að innsiglið var rofið. Kærður heldur svo ur Vestmannaeyjum sama dag, en á leiðinni þaðan sendir hann þenna sama dag gegnum talstöð sína svo hljóðandi skeyti, sem bókað er í dagbók skipsins: „Sjómannadagsráðið Reykjavík. Heillarik framtíð og samstarf. Skipverjar Richard.“ 10. s. m. kom skipið svo til Ísafjarðar og talstöðin var innsiglið af starfsmanni Landssímans svo sem vera bar. Að kærður hafi ekki bókað í dagbók skipsins, að hann rauf innsigli talstöðvar og af hvaða ástæðum, telur kærður hafi verið af því, að hann taldi, að slíkt væri eigi skylt að lögum, og hafi hann styrkt í þeirri skoðun við að starfsmenn Landssímans á Ísafirði hafi ekki bókað í dagbók skipsins síðan 23. marz s. l., þótt þeir innsigliðu eða leystu talstöð hans undan innsiglian, og krefst kærður sem vægastrar refsingar, enda kveðst kærður ekki hafa notað talstöð skipsins frá því að hann að kveldi þ. 7. júní rauf innsiglunina og þangað til 10. s. m., er talstöðin var innsiglið á Ísafirði, nema um kvöldið þ. 7. til að reyna að fá samband við Vestmannaeyjar og þ. 8. s. m. til þess að senda umrætt skeyti (eða orðsendingu), eftir að hann hafði „innklarerað“ í Vestmannaeyjum, og taldi kærður talstöðina löglega óþnaða til löglegrar notkunar við siglingar skipsins við strendur landsins. Það verður nú að telja, að kærður hafi haft fulla og réttmæta ástæðu til þess að rjúfa innsiglun talstöðvar sinnar eins og á stóð. Að visu hefði hann sem gætinn skipstjóri til þess að hafa sem beztar sannanir fyrir hendi og aðgengilegar við fyrstu sýn átt að bóka í dagbók skipsins ástæðuna fyrir rofi innsiglisins, en úr því að við lögregluréttarrannsókn málsins hefur sannast með vitnisburðum skipshafnar, hver ástæðan var, og að hún verður að teljast nægileg, verður ekki heimilt að refsa kærðum fyrir rof innsiglisins. Hitt kemur þá til athugunar, hvort eigi að refsa honum fyrir að hafa ekki bókað ástæðuna fyrir að hafa rofið innsiglun talstöðvarinnar.

Ákvæði síðustu mgr. 1. gr. reglugerðar frá 28. des. 1940: „sá er

leysir stöð úr innsíglun“ o. s. frv., verður sambandsins vegna að teljast aðeins eiga við þá opinberu starfsmenn, er „leysa“ stöð úr innsíglun. Þá væri heldur ástæða til þess að telja sérreglur 37/1941 eiga hér við per analogiam. En hér kemur tvennt til greina, þegar um sérreglur er að ræða, er lögjöfnun oftast varasöm. Það er yfirleitt eðli sérreglna að eiga aðeins við undantekningar þær, er sérreglurnar snúast um, og dómaramum þá óheimilt að nota þær þar fyrir utan. Það er og eigi fjarri sanni að álita, að enn minni hætta sé á, að talstöðin verði misnotuð, þegar skipstjóri rýfur innsíglunina af því að hann telur skip *sitt* í hættu — þá mun venjulega hugsað um það eitt, að komast úr hættunni —, en þegar hann rýfur innsíglun í þeim 3 tilfellum, er sérreglur 37/1941 greina, en þótt svo væri álitid, að heimfæra mætti sérreglur 37/1941 til þess að skip það er í neyð, er innsíglun talstöðva hefur verið rofin á, þá ber að sama brunni, að eigi er hægt að refsa þeim seka, því að refsíákvæði vantar við þær sérreglur. Er eigi hægt að hnekkja þessu með því að vísa til refsíákvæða reglugerðar 200/1940, því að 3. gr. reglugerðarinnar heimilar að visu, að settar verði reglur sem þær, er sérreglur 37/1941 greina, og refsingu fyrir brot á þeim, en þessa heimild hafa útgefendur sérreglnanna 37/1941 eigi notað, og sjálf reglugerðin hefur eigi að innihalda reglur eins og sérreglur 37/1940, og verður reglugerðin 200/1940 þá eigi talin taka til þessa atriðis. Verður því að sýkna kærðan af kröfum valdstjórnarinnar um refsingu fyrir að hafa rofið talstöð skipsins úr innsíglun og af kröfum um refsingu fyrir brot á sérreglum 37/1941.

Hins vegar ber að athuga, hvort kærður hafi framið refsivert athæfi með því að senda 8. júní s. l. áminnzt skeyti eða orðsendingu í gegnum talstöð sína, þótt telja verði, að hún hafi verið löglega opin (þ. e. a. s. að innsíglisrofið hafi verið lögmætt eins og á stöð og löglegt að hafa hana áfram opna, meðan skipið væri í siglingum við land). Það mun nú yfirleitt oft hafa verið óátalið, að menn á skipum með talstöðvar töluðu litilfjörlega saman um óviðkomandi hluti, sem *ekki* „varða beinlínis fiskveiðarnar“, ef ekkert befur verið gefið í skyn um veður eða aðrar „hættulegar“ upplýsingar. Og víst er það hart fyrir sjómannastéttina að mega ekki á stéttarhátíðardegi eins og 8. júní, sjómannadeginum, í orðsendingum gegnum talstöðvar árna stéttinni heilla. En samt er það svo, að slíkt varð kærðum óleyfilegt. Menn á isl. skipum við strendur landsins mega ekki tala saman um annað en þau efni, sem „varða beinlínis fiskiveiðarnar“, sbr. reglur 199/1940, 4. lið, og reglugerð 200/1940, síðustu mgr. 2. liðs 1. gr., og um neyðarástand skipa eða til að vara önnur skip við hættu eða til þess að hjálpa þeim.

Verður því að telja, að kærður hafi brotið siðastnefnd ákvæði (reglur 199/1940, 4. lið, og reglugerð 200/1940, síðustu mgr. 2. liðs

1. gr.) með því að láta fara í gegnum talstöð á skipi sínu fyrrgreinda orðsendingu til sjómannadagsráðsins. Það er og auðsætt af tilgangi allra slíkra reglna, að hættuminnst sé og nauðsynlegt til þess að þær komi að sem mestum notum, að samtöl eigi sér ekki stað nema sem allra minnst og þá aðeins þau sérstaklega leyfðu, það sé t. d. ekki nóg til sýknu að tala ekki um veðrið eða gefa ekki aðrar hættulegar upplýsingar, en rabba saman um hitt og þetta, sem snerta ekkert fiskveiðarnar eða neyð skipa eða hjálp til þeirra í neyð eða aðvörum til þeirra í hættu. Þykir rétt, að sekt sú, er kærður hafi til unnið fyrir brot þetta, hæfilega ákveðin 100 kr., er renni í rikissjóð. Ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í stað sektarinnar 4 daga varðhald.

Auk þess greiði kærður skipuðum talsmanni sínum, Jóni Sigurðssyni lögfræðing, 30 kr. í málsvarnarlaun. Svo greiði og kærður allan kostnað, er löglega leiðir af sök þessari.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Eyþór Hallsson skipstjóri, Siglufirði, sæti 100 kr. sekt í rikissjóð, en til vara 4 daga varðhaldi, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði og stefndur talsmanni sínum, Jóni Sigurðssyni lögfræðing, Siglufirði, 30 kr. í málsvarnarlaun og allan löglegan sakarkostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1942.

Nr. 65/1941. **Bæjarsjóður Siglufjarðar**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

H/f Nirði (Sveinbjörn Jónsson).

Lögtaksmál.

Dómur hæstaréttar.

Fógetaúrskurðinn hefur uppkveðið Jón Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1941. hefur krafizt þess, að fógetaúrskurðurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógetann